



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna leyfisveitinga fyrir hreinsivirki við svínabúið Brautarholti á Kjalarnesi.

Vísað er til tölvubréfa úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. febrúar og 7. mars 2025 þar sem óskað er gagna og upplýsinga um leyfisveitingar vegna hreinsivirkis við svínabúið Brautarholti, Kjalarnesi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og tekið saman gögn sem málinu tengjast. Eftirfarandi er greinargerð með samantekt á ferli málsins hjá HER.

Árið 1999 tók HER við heilbrigðiseftirliti á Kjalarnesi í kjölfar sameiningar svæðisins við Reykjavík. HER tók þá yfir vinnslu starfsleyfis fyrir svínabúið Brautarholti. Á staðnum hafði verið svínabú í rúma tvo áratugi en rekstraraðili ákvað svo að ráðast í umtalsverða stækkun á búinu í andstöðu við aðra íbúa á jörðinni. Stækkunin var því umdeild frá upphafi, m.a. vegna þess að fjarlægð nýju húsanna frá næstu íbúðarhúsum var innan við 500 m og þurfti því undanþágu frá ákvæðum heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 til þess að mega reisa þau. Hollustuvernd ríkisins (HVR) féllst á þá undanþágu gegn því að búið myndi gangast undir ríkar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir mengun.

Starfsleyfi HER var gefið út fyrir svínabúið þann 29. febrúar 2000. Með tilkomu reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri var lagt skýrt bann við losun búfjáraburðar í yfirborðsvatn en svínabúið Brautarholti, ásamt fleiri búum, hafði fram að þessu losað svínamykju sem ekki var notuð til áburðar beint út í sjó. Í sömu reglugerð var gerð krafa um að sex mánaða haugrými þyrfti að vera til staðar og fastsett heimilt dreifingartímabil fyrir búfjáraburð. Í starfsleyfi voru ákvæði um bann við losun svínamykju í sjó og krafa um að 6 mánaða haugrými, en hvorugt var uppfyllt við útgáfu leyfisins..

Flijótlega eftir útgáfu starfsleyfisins, þann 10. apríl 2000, óskaði rekstraraðili svínabúsins eftir því við umhverfisráðherra að hann heimilaði áframhaldandi losun svínamykju í sjó, þrátt fyrir bann við því í starfsleyfi og reglugerð nr. 804/1999, til að hafa svigrúm til athugunar á viðeigandi lausn á förgun mykjunnar. Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur lagðist gegn veitingu undanþágu en taldi þó að ef umhverfisráðherra sæi sér ekki fært að hafna beiðni um undanþágu skyldi krefja rekstraraðila svínabúsins um nákvæma áætlun til lausnar förgunarvandans. Þann 29. maí 2000 heimilaði umhverfisráðherra undanþáguna, með skilyrðum, til loka nóvember 2000.



Þann 24. júlí 2000 sendi rekstraraðili svínabúsins tillögur til umhverfisráðuneytisins um lausn á förgun svínamykjunar:

- Tillaga 1 gerði ráð fyrir dreifingu mykjunar á tún. Hafist yrði handa við byggingu hauggeymslu sem rúmaði sex mánaða haug.
- Tillaga 2 gerði ráð fyrir aðskilnaði fastefna og blautefna með snigilskilvindu. Yrði þessi leið farin myndi ekki vera byggt viðbótarhaugrými.

Þann 27. sept. 2000 úrskurðaði umhverfisráðuneytið að farið skyldi eftir tillögu 1, en fyrirtækið var jafnframt hvatt til að skoða tillögu 2 nánar sem framtíðarlausn. Fyrir úrskurð þennan hafði ráðuneytið beðið bæði HVR og HER um umsögn. Í umsögn HVR dags. 25. ágúst 2000 kom m.a. fram að stofnunin teldi að blauthluti búfjáraðurar skv. tillögu 2 hefði eiginleika skólps eftir eins þreps hreinsun, þ.e. aðskilnaður svínamykju í blaut- og þurrhluta samsvari eins þreps hreinsun skólps. HVR taldi því tillögu 2 standast gildandi lög og reglugerðir. HER lagðist gegn tillögu 2, m.a. á þeirri forsendu að blauthluti skv. tillögu væri enn búfjáraðurar sem óheimilt væri að losa í yfirborðsvatn enda átti að nota hann hluta ársins sem áburð. Ekki væri hægt að fallast á að ákvæði í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp væru notuð fyrir búfjáraður og að vélrænn aðskilnaður svínamykju í þurr- og blauthluta samsvari eins þreps hreinsun á skólpi, enda væru skýr ákvæði um meðhöndlun búfjáraðurar í reglugerð nr. 804/1999. Reglugerð nr. 798/1999 fjallar um fráveitur, m.a. frá tiltekinni iðnaðarstarfsemi, sbr. viðauki III í reglugerðinni, en hvergi er þar að finna eldi sláturdýra og því að mati HER ekki unnt að að beita ákvæði um skólp á úrgang frá svínabúinu. Eins benti HER á að við hreinsun á skólpi og losun þess í umhverfið er litið á innihald þurrefnis og BOD, en ekki á þau efni sem mestu máli skipta varðandi búfjáraður, næringarefni eins og N, P og K, auk þungmálma sem finnast í búfjáraður vegna fóðurnotkunar. Tillaga 2 frá rekstraraðilum gerði ráð fyrir að blauthlutinn yrði notaður hluta árs sem áburður, en notkun skólps sem áburðar er takmörkunum háð ef blauthlutinn er skilgreindur sem skólp eftir eins þreps hreinsun. Að mati HER gat það ekki staðist að eitt og sama efni væri meðhöndlað ýmist sem skólp eða áburður. HER taldi aftur á móti að líta mætti á aðskilnað svínamykju sem áfanga í viðeigandi endurnýtingu mykjunnar og förgun þess sem nýtist ekki. T.d. að næringar- og mengunarefni yrðu hreinsuð úr blauthlutunum og sett yrðu losunarmörk þannig að losunin væri ásættanleg út frá umhverfissjónarmiðum og ekki í andstöðu við laga- og reglugerðarákvæði.

HER gagnrýndi einnig að með tillögu 2 væri verið að falla frá kröfu um byggingu við svínabúíð en það kom fram í erindi rekstraraðila til umhverfisráðuneytis. HER taldi þetta vera í andstöðu við bæði reglur um góða búskaparhætti og ákvæði 6.2. í reglugerð nr. 804/1999. HER taldi því enn ríkari rök fyrir að álit HVR um að tillaga 2 stæðist gildandi reglugerðir stæðist ekki skoðun. Loks gagnrýndi HER að með tillögu 2 væri að draga úr kröfu um að endurnýta úrgangsefni sem kostur er með förgun blauthlutans í sjó hluta árs. Fallist var aftur á móti á að með þessari aðferð væri vissulega dregið mikið úr lyktarmengun sem var á þeim tímapunkti stærsta vandamálið í nágrenni búsins.



Í ársbyrjun 2001 óskaði rekstraraðili eftir fundi með HER og formanni Umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur til að fara yfir stöðu mála og skýra frá nýrri tillögu um meðhöndlun svínaskíts í stað byggingu stærri hauggeymslu. Fundurinn var haldinn 10. jan. 2001 og var lagt fram bréf um þessa lausn sama dag. Í því bréfi er farið fram á við HER að ákvæðum greinar 3.4. í starfsleyfi fyrirtækisins yrði ekki framfylgt, þ.e. að byggja hauggeymslu fyrir a.m.k. sex mánaða geymslu svínamykju. Rekstraraðilar bentu á það á fundinum að verið væri að vinna starfsleyfi fyrir svínabú að Vatnsleysuströnd, sem væri í eigu sömu aðila. Þar stóð til að heimila að setja upp búnað sem skilur að þurr- og blauthluta svínamykju, þ.e. sama búnað og lagt væri til að nota við svínabúíð í Brautarholti skv. fyrrgreindri tillögu 2. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja studdist við vinnslu starfsleyfis búsins við Minni-Vatnsleysu við umsögn HVR um meðhöndlunar svínamykju samkvæmt tillögu 2, (sjá hér að ofan), að aðskilnaður á henni virki fyrir blauthlutann eins og eins þreps hreinsun á skólpi. HER benti á að ef það starfsleyfi yrði gefið út með ákvæðum um að losa mætti blauthluta svínamykju sem skólp myndi það jafngilda því væri komin formleg heimild til losunar svínamykju í sjó, sama losun og umhverfisráðuneytið hefði ítrekað hafnað gagnvart svínabúinu Brautarholti. Rekstraraðilar töldu að krafa um byggingu hauggeymslu væri íþyngjandi og óvarleg fjárfesting og vildu að krafa um hana yrði felld niður. HER taldi sig ekki hafa forsendur til að verða við þeirri beiðni enda verið staðfest með úrskurði umhverfisráðuneytisins, dags. 29. júní 2000, að ákvæði um byggingu hauggeymslu skuli standa.

Á vormánuðum 2001 var fundað ítrekað með rekstraraðilum svínabúsins, ráðgjöfum þeirra (Línuhönnun) auk fundu með sérfræðingum hjá HVR. HVR og umhverfisráðuneytið brugðust við gagnrýni HER á flokkun blauthluta svínamykju sem skólps með því að leggja fram reglugerð nr. 592/2001 um breytingu á reglugerð nr. 804/1999. Með breytingunum var það mat þessara stjórnvalda að komin væri reglugerðarheimild fyrir losun blauthluta svínamykju eftir skiljun út í sjó, að uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Lausnin var samþykkt fyrir svínabúíð Minni-Vatnsleysu. HER hóf í ljósi þessa vinnslu endurskoðun starfsleyfis fyrir svínabúíð þar sem m.a. yrði gefið leyfi fyrir uppsetningu og reksturs hreinsivirkis fyrir svínamykju með losun blauthluta um þrýstilögn út í sjó. Starfsleyfi fyrir hreinsivirki var gefið út 19. nóvember 2002.

Frá 2003 til dagsins í dag hefur ítrekað verið skipt um rekstraraðila á svínabúinu Brautarholti. Öll starfsleyfi sem HER gaf út fyrir reksturinn voru kærð og í öllum tilvikum voru þau staðfest án breytinga á skilyrðum HER. Engar athugasemdir voru gerðar við ákvæði er varða rekstur hreinsivirkisins. Umhverfisstofnun (UST) tók síðan yfir eftirlit og útgáfu starfsleyfis fyrir



svínabúið árið 2017. Meðfylgjandi þessari greinargerð eru skjöl úr skjalasafni HER er tengjast útgáfu leyfis fyrir hreinsivirki og aðdraganda þess.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri



Öflun gagna vegna máls nr. 13/2025.

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2025030258

Málalyklar: 25.1.9 Svínarækt - Leyfi og eftirlit

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 20.03.2025

Dagsetning skjals: 27.02.2025

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA" <uua@uua.is>

Notandi: "Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA" <uua@uua.is>

Dagsetning: 27.2.2025 14:13:16

Til: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>, "Þorsteinn Narfason" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=userf3b41140>, "Svava Svanborg Steinarsdóttir"

Efni: Öflun gagna vegna máls nr. 13/2025.

Góðan dag,

b.t. Svövu S. Steinarsdóttur hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,

b.t. Þorsteins Narfasonar hjá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Meðfylgjandi er stjórnslukæra og gögn í máli nefndarinnar nr. 13/2025 til upplýsinga. Jafnframt er meðfylgjandi tölvupóstur Hlínar Gísladóttur lögfræðings hjá UOS með ábendingu um æskilega gagnaöflun m.a. umsagnar frá ykkar og óskast orðið við þeirri beiðni við fyrsta hentugleik.

Óskast staðfest um móttöku.

Kveðja,

Ólöf Harðardóttir,

skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 5758710

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.

Frá: Hlín Gísladóttir - UOS [REDACTED]
Sent: miðvikudagur, 26. febrúar 2025 10:11
Til: Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA <uua@uua.is>
Efni: RE: Fyrirspurn um móttöku gagna, m.a. eldri gagna málanna 11/2025 og 13/2025.

Sæl,

Flott, er svona að hallast að því að það gæti verið gagnlegt fyrir ykkur að sjá söguna hvernig þetta var um aldarmótin þegar svínabúið var stækkað og ráðuneytið veitti undanþágu til að losa öllu út í sjó. Ég gæti framsent ykkur tölvupóstinn frá ráðuneytinu með zip skjali.

Það eru síðan margar staðhæfingar í kærinni frá Stjórnugrís um hvernig hlutirnir voru frá 2000-2017 þegar heilbrigðiseftirlitið þá fyrst Kjósarsvæðis og síðan Reykjavíkur voru með eftirlitið, það gæti verið æskilegt að kalla eftir umsögn frá þeim því við höfum ekki upplýsingar um kvartanir, mælingar og fl. gögn sem þau gætu verið með. Þorsteinn Narfason er ennþá starfandi hjá heilbrigðiseftirliti Vesturlands og hún Svava S. Steinarsdóttir hjá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Bestu kveðjur, Best regards

Hlín Gísladóttir

Lögfræðingur, Lawyer

Teymi leyfa og umsagna, Team of Permits and Review

Skrifstofa forstjóra / CEO's office

Umhverfis- og orkustofnun, Environment and Energy Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: <https://www.ust.is>

DISCLAIMER / FYRIRVARI: <https://www.ust.is/disclaimer>



- SKMBA392B25011913060.pdf.pdf



- SKMBA392B25011913270.pdf.pdf



FS: Nánari afmörkun á beiðni um viðhorf og gögn .

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2025030258

Málalyklar: 25.1.9 Svínarækt - Leyfi og eftirlit

Eigandi skjals: Svava S. Steinarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 20.03.2025

Dagsetning skjals: 07.03.2025

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Heilbrigðiseftirlit"

<heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Notandi: "Heilbrigðiseftirlit" <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>

Dagsetning: 7.3.2025 13:14:59

Til: "Svava Svanborg Steinarsdóttir" [REDACTED], "Guðjón Ingi Eggertsson"

Efni: FS: Nánari afmörkun á beiðni um viðhorf og gögn.

Frá: Arnór Snæbjörnsson - UUA [REDACTED]

Sent: fimmtudagur, 6. mars 2025 15:32

Til: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is>; Þorsteinn Narfason

[REDACTED]; eftirlit@hev.is

Efni: Nánari afmörkun á beiðni um viðhorf og gögn.

You don't often get email from [REDACTED] [Learn why this is important](#)

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

b.t. Svövu S. Steinarsdóttur

Komdu sæl,

Ég vísa til tp. frá úrskurðarnefndinni frá 27. febrúar sl. þar óskað er viðhorfa eftirlitsins í tilefni af kærnu vegna starfsleyfis svínabús í Brautarholti á Kjalarnesi í tilefni af ábendingu stm. UST þar að lútandi. Beiðni um slík viðhorf og um aðgang að gögnum er með skeyti þessu góðfúslega ítrekuð. Um leið þykir mér rétt að afmarka betur þessa beiðni.

Í téðu kærumáli er deilt einkum um bann við losun búfjárúrgangs í yfirborðsvatn með vísan til ákvæðis í reglugerð. Virðist um að ræða starfsleyfishætti sem lýst var í tilkynningu til Skipulagsstofnunar um dælu- og hreinsistöð við téð svínabú og um er fjallað í

matsskylduákvörðun dags. 5. október 2001. Kemur þar fram að fyrirhugað sé að koma upp búnaði sem aðskilja mundi þurrefnishluta svínamykju frá blauthluta hennar og dæla honum í sjóinn. Var ráðgert að lögð yrði 1200 m löng lögn út á nes nokkurt og þaðan 180 m út til sjávar og yrði útrásarendinn á um 10 m dýpi. Að lokinni hreinsun var áætlað að losun í sjó með blauthluta samsvari 2918 persónueiningum. Álitid var að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum og var jafnframt bent á að sækja yrði um framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

Nánar afmarkað er óskað upplýsinga um leyfisveitingar sem þessari framkvæmd tengdust sérstaklega. Fjallað er í nokkru um málefnið í úrskurði umhverfisráðherra í kæru er varðaði starfsleyfi téðs bús frá 8. júní 2009, sem birtur er á vef Stjórnarráðsins. Er þar vísað til þess að Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum þann 30. apríl 2008 starfsleyfi til handa Grönum ehf. til að starfrækja hreinsivirki og svínabú að Brautarholti. Jafnframt er þar greint frá fyrri leyfisveitingum, m.a. endurskoðun starfsleyfis árið 2002.

Sjá þessar vefslóðir:

<https://island.is/s/skipulagsstofnun/gagnagrunnur-umhverfismats/Daelu-og-hreinsistod-vid-sv-inabuid-Brautarholti-Kjalarnesi-i-Reykjavik-5-10-2001>

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2009/06/08/Ma1-08060022/>

Afrit sent: Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

Með bestu kveðju,

Arnór S.

Arnór Snæbjörnsson, formaður og forstöðumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála

Borgartúni 21, Höfðaborg, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 575 8710

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Graphical user interface Description automatically generated

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samöngumáti er valinn.

Please consider the environment before printing and choosing transport.



- image001.png